

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar

26. nóvember 2014  
2014-11-60/0.11.1

**Efni: Umsögn - tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál**

Landsnet vísar til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 12. nóvember 2014, þar sem félaginu er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál. Landsnet hefur kallað eftir stefnu stjórnvalda um lagningu jarðstrengja í raforkuflutningskerfinu og fagnar því framlagðri tillögu til þingsályktunar. Landsnet telur að stefnan feli í sér viðmið sem um margt séu skýr og byggja á forgangsriðun á forsendum náttúrunnar og skynsamlegri nýtingu fjármuna við að auka hlutfall jarðstrengja í raforkukerfi landsins.

Landsnet leggur áherslu á að viðmiðin séu sem skýrust, svo ekki þurfi að koma til áreininga um hvort félagið starfi í samræmi við skyldur sínar. Með það í huga gerir Landsnet eftirfarandi athugasemdir við grein 1.3 um meginflutningskerfi raforku:

- Ef miða á við stofn- og rekstrarkostnað á líftíma þá mun slíkt leiða til mismunandi niðurstaðna eftir eðli flutningslína. Línur sem hafa að jafnaði lítinn flutning, og eru í eðli sínu tengilínur vegna öryggis, koma lakar út í líftímagreiningu, en línur sem flytja að jafnaði meiri orku. Þá eru forsendur fyrir útreikningi líftímakostnaðar óljósar og líklegar til þess að valda deilum. Í drögum að tillögu til þingsályktunar var miðað við stofnkostnað og hærra kostnaðarviðmið, sem Landsnet telur skýrara og eigi sér fordæmi í öðrum löndum. Ef ekki er unnt að miða við stofnkostnað verður að skilgreina mun betur forsendur fyrir útreikningi líftímakostnaðar, s.s. varðandi árafjölda, orkuverð o.fl.
- Varðandi tölulið 1 um línuleiðir innan þéttbýlis væri í stað þess að vísa til 2. gr. skipulagslaga réttara að taka inn skilgreiningu laganna á þéttbýli (þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra).
- Varðandi tölulið 3 um línuleiðir við flugvöll bendir Landsnet á að það er hlutverk fagaðila að úrskurða á grundvelli áhættumats um áhrif mannvirkja á flugöryggislega þætti. Eðlilegt er að í texta þingsályktunartillögunnar komi fram að viðmiðið um jarðstrengi vegna flugöryggissjónarmiða skuli byggja á mati Isavia og Samgöngustofu.

Í grein 1.4 er sett fram stefna um að samanlagt heildarhlutfall jarðstrengja í lands um jarðstrengja í landshluta- og meginflutningskerfi raforku á 11 kV spennustigi eða hærra verið orðið a.m.k. 80% árið 2035. Landsnet bendir á að þetta er mjög hátt hlutfall í veiku raforkukerfi með lágt skammshlaupsafl. Við núverandi aðstæður í raforkukerfinu eru tæknilegar takmarkanir fyrir því hversu langt verður gengið í lagningu jarðstrengja.

Auk þeirra viðmiða og markmiða sem fram koma í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti um afnám vörugjalda af raflínunum og auknar rannsóknir. Hvort tveggja er jákvætt innlegg í málið. Samræming vörugjalda á línur og strengi gerir fjárhagslegan samanburð á tæknilegum lausnum einfaldari og skýrari, en rannsóknir auka þekkingu á málefninu.

Virðingarfyllt,



Þórður Guðmundsson, forstjóri.